

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

15. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í kennarastofu skólans fimmtudaginn 25. ágúst og hófst hann kl. 20³⁰.

Fundinn þóttu Gunnar Sveinsson, Guðjón Kristjánsson, Guðrún Sigurðardóttir og Jón Hólmgeirsson, auk skólameistara Jóns Böðvarssonar og aðstoðarskólameistara Ingólfs Halldórssonar.

1. Yfirlit skólameistara:

Skráðir nýnemar voru í ágústbyrjun 307. Síðan hafa bæst við 15 til 18 nemendur.

Eldri nemendur sem áfram halda eru um 180. Af nemendum skólans eru samningsbundnir iðnnemar um 100 og aðeins helmingur þeirra stundar nám á haustönn. Nemendur á haustönn verða því um 430.

Menntamálaráðuneytið hefur með bréfi dags. 17. ágúst heimilað að stofnaðar yrðu námsbrautir í tréiðnam og hárgreiðslu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Jafnframt heimilar ráðuneytið skólanefnd að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að nám þetta megi fara fram við viðunandi aðstæður.

Formaður skólanefndar og skólameistari hafa þegar gert samning við Héðin Skarphéðinsson um leigu á rúmlega 200 ferm. húsnæði ásamt trésmíðavélum að Holtsgötu 52 í Njarðvík og einnig sömdu þeir við Ólaf Egisson um aðstoðu fyrir hársnyrtinám í "Klippóteki" við Hafnargötu í Keflavík. Þar verður aðeins kennt á laugardögum, en önnur verkleg kennsla fer fram í húsnæði skólans.

Töflugerð er að mestu lokið. Verkið var unnið í tölvum Menntaskólans í Hamrahlíð og Tækniskóla Íslands. Töflusmiðir eru Bragi Halldórsson og Jón Hjartarson.

41 námsgrein er á kennsluskrá haustannah en hópar eru 108.

Þar af eru 24 í öldungadeild.

Sótt hefur verið um leyfi til þess að öldungadeild megi starfa með sama hætti og síðasta skólaár.

2. Kennararáðningar:

Hjálmar W. Árnason hefur dregið umsókn sína til baka og mun taka við kennarastarfi í Sandgerði.

Skólanefndin mælir með að Gerard Chinotti verði ráðinn í fullt starf ef heimild fæst til þess að kennarar megi gegna hluta af kennsluskyldu sinni við öldungadeildina. Annars verði hann settur í hálft starf. Einnig mælir nefndin með að Ólafur Ágísson verði ráðinn í fullt starf og Sveinbjörg Haraldsdóttir í hálft starf til kennslu á hársnyrtibraut.

Staðfesting hefur borist frá ráðuneytinu um að eftirtaldir kennarar hafi verið endursettir:

Alexander Valdimarsson ($\frac{1}{2}$)

Ann Patricia Aylett

Gísli Sigurkarlsson ($\frac{1}{2}$)

Gizur Í. Helgason

Gunnar Bergmann

Helgi Jóhannsson

Jón F. Hjartarson

Magnús H. Gíslason

Maja Loebell

Óskar Jónsson

Sigmundur Böðvarsson

Sigrún R. Þorsteinsdóttir

Sigurður Erlendsson

Stefán Geir Karlsson

Ægir Sigurðsson

Settir kennarar frá 1. ágúst 1977 eru:

Axel Nikolaison

Baldur Kristjánsson

Björgvin Víglundsson

Bragi Halldórsson

Gunnar Þórarinnsson

Héðinn Skarphéðinnsson

Magnús Ó. Ingvarsson

Sigríður Bílddal

Forseti Íslands hefur að tillögu menntamálaráðherra skipað Jón Böövarsson, skólameistara við Fjölbrautaskóla Suðurnesja frá 1. ágúst 1977.

3. Skólasetning:

Skólasetning hefur verið ákveðin 1. september n.k. í Félagsbíói í Keflavík kl. 5⁰⁰.

4. Tilkynningar:

Skólanum var boðið að senda fulltrúa á Iðning Íslendinga á Akureyri og sækir Sigurður Erlendsson þingið fyrir skólans hönd.

Yfir stendur námskeið í hópefli. 14 kennarar sækja námskeiðið þar af 7 úr Fjölbrautaskólanum, en hinir eru frá grunnskólunum af svæðinu.

Undirbúningi að bóklegu námi flugmanna er að mestu lokið. Allar líkur benda til að unnt verði að hefja kennslu á vorönn 1978.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Jón Hólmgeirsson
fundarritari.